



Fréttabréf

Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Október 2014



Fundur í stjórn Foreldrafélags Sunnulækjarskóla 29.10.2014 kl. 17:30

Mættir: Hanna Rut Samúelsdóttir, Raket Þorsteinsdóttir, Inga Dóra Ragnarsdóttir, Álfheiður Tryggvadóttir og Karl Óskar Kristbjarnarson
Fjarverandi: Aðalbjörg Skúladóttir og María Pálsdóttir

- Fengum tvo gesti á fundinn, þau Gunnar Eystein Sigurbjörnsson, Tómsunda- og forvarnarfulltúra Árborgar og Guðlaugu Jónu Hilmarsdóttur, Félagsmálastjóra Árborgar. Þau kynntu verkefni sem snýr að ungbarnaherfum sem verið er að skoða að setja í gang hjá 9. bekk í öllum grunnskólum í Árborg. Verið er að safna styrkjum í þetta verkefni og var óskað eftir þátttöku Foreldrafélagsins. Ákvörðun mun liggja fyrir í lok nóvember.
- Þjóðleikur – leiklistarhátíð ungs fólks. Foreldrafélagið hvetur Sunnulækjarskóla til að taka þátt í verkefninu en við höfum fengið kynningu á því frá aðila í Menningarráði Suðurlands. Við teljum það vera mikilvægt að auka vægi listnáms í grunnskólum þar sem það höfðar oft sérstaklega vel til þeirra sem eiga í erfiðleikum með bóknað. Kynningarbréf hefur verið sent skólanum og er umsóknarfrestur til 10. nóvember.
- Óskað hefur verið eftir fulltrúa úr stjórn Foreldrafélagsins til setu í Skólaráði Sunnulækjarskóla. Ákveðið var að Hanna Rut Samúelsdóttir yrði okkar fulltrúi í skólaráði.
- Foreldrafélög allra grunnskólanna í Árborg hittust miðvikudaginn 22. okt og ræddu mögulegt samstarf foreldrafélaganna. Ýmsar góðar hugmyndir komu fram á þeim fundi og ákveðið að vinna með hluta af þeim áfram og hafa annan fund þann 25. nóv.



Fundi slitið kl. 18:50

Minnum á Facebook síðuna

hjá Foreldrafélagi Sunnulækjarskóla



Markmiðið er að auðvelda samskiptin á milli foreldra og minnka vinnu við að uppfæra heimasíðu félagsins.

Upplýsingar eins og lög, skólaráð, o.fl eru vistaðar sem glósur. Einnig hafa verið settir inn viðburðir og fréttabréf frá síðasta skólaári.

Auðveldara verður að koma ábendingum til okkur eða opna fyrir umræður. Munum svo bara að vera til fyrirmyndar í samskiptum á þessum vinsæla samskiptamiðli.



Árgjald

Innheimtukröfur vegna árgjalda í foreldrafélagið hafa nú verið stofnaðar og eiga að sjást í heimabönkum foreldra. Árgjaldið er 1000kr. á heimili og er hér um frjáls framlög að ræða. Ef seðlarnir eru ekki greiddir falla þeir úr gildi eftir ákveðinn tíma. Þessir seðlar eru sendir út einu sinni á ári.

Takk fyrir stuðninginn.